



Ársskýrsla æskulýðsnefndar Sörla

Veturinn 2019-2020

Efnisyfirlit

Starfsárið og nefndin.....	3
Nýjungar á árinu.....	4
Póstlisti nefndarinnar.....	4
Unglinga- og ungmennaferð	4
Árs- og uppskeruhátíð fyrir börn og unglinga	5
Aðventan í Sörli	6
Stofnun Æskulýðsráðs	7
Reiðmennskuæfingar	7
Félagsmistöð Sörlastaða	9
Aukið öryggi í félagsreiðtúrum.....	9
Heiðmerkurhringur	10
Slúttreiðtúr og grill	10
Fjölskyldu útilega helgina 17.-19. júlí	11
Yfirþjálfari ráðin til starfa	12
Fastir liðir svipaðir og venjulega.....	13
Félagshús Sörli.....	13
Knapamerkjanám	13
Barna- og unglinganámskeið	14
Keppnisnámskeið	14
Sameiginlegt jólaball	15
Grímuleikar og Öskudagsball	15
Sumarreiðskólar	16
Rauð viðvörðun og COVID-19.....	16
Reglubundnir reiðtúrar fyrir vana krakka.....	16
DVD og pizzakvöld með Robba Pet	17
Bingó	17
Pollanámskeið	17
Leikjadagur.....	17
Æskan og hesturinn.....	18
1. maí sýning	18
Fjölskylduhestaferð á Skógarhóla	18
Þakkir	19

Starfsárið og nefndin

Í ár var farið fyrir af stað með vetrarstarf nefndarinnar, líkt og stefnt var að síðasta vor. Í nefndina bættist fólk með eldmóð og brennandi áhuga fyrir starfinu og má segja að sá eldmóður hafi verið olía á lampa þeirra sem fyrir voru í nefndinni. Við höfum strax handa, full af eldmóð og tilhlökkun fyrir vetrinum, að skipuleggja öfluga og fjölbreytta vetrardagskrá, stofnuðum æskulýðsráð og opnuðum jarðveg nýrra hugmynda ásamt því að halda í hefðirnar. Ýtt var úr vör reiðmennskuæfingum og þar með stigið stórt skref í þá átt að gera félagið samkeppnishæft við aðrar íþróttagreinar. Með allan þennan drifkraft sem komin var í nefndina þótti okkur miður að þurfa stöðva starfið um tíma af völdum COVID-19. Tekin var upp dagskrá eftir því sem sóttvarnarlög heimiluðu. Þátttaka í starfinu var frábær og ef um fjöldatakmörkun var að ræða litu biðlistar dagsins ljós. Markmið nefndarinnar um að skapa og efla vináttu og styrkja félagsandann tókst svo sannarlega og voru börn og unglingar mjög sýnileg á reiðgötum félagsins.

Æskulýðsnefnd 2019-2020:

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður

Elín Málmfríður Magnúsdóttir, gjaldkeri

Freyja Aðalsteinsdóttir

Guðmundur Tryggvason

Hjördís Emma Magnúsdóttir

Jóhanna Ólafsdóttir

Ragnhildur Benediktsdóttir

Svanbjörg Vilbergsdóttir, ritari.

Æskulýðsráð 2019-2020:

Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir

Ágúst Einar Ragnarsson

Guðjón Ben Guðmundsson

Hera Mist Halldórsdóttir

Hjördís Emma Magnúsdóttir

Jessica Ósk Lavender

Sigríður Inga Ólafsdóttir

Steinunn Anna Guðlaugsdóttir

Nýjungar á árinu

Það var mikill og frjór jarðvegur í æskulýðsmálum hjá Sörla þennan veturinn og mikið vatn rann til sjávar með hverri hugmynd og voru þær allmargar sem fengu brautargengi innan nefndarinnar og litu dagsins ljós. Við erum afar ánægð með hvernig til tókst og hve vel var tekið í nýjar hugmyndir og gaf það okkur enn meiri kraft til að halda áfram að þróa og bæta þær hugmyndir sem litu dagsins ljós síðastliðinn vetur.

Póstlisti nefndarinnar

Við teljum að það hafi verið gæfuspor að fara af stað með póstlista æskulýðsnefndar. Við auglýstum og buðum foreldrum og forráðamönnum að skrá sig á póstlistann og til að gæta persónuverndar notuðumst við ávallt við Bcc þegar fjöldapóstur var sendur út. Með því gafst viðtakendum um leið færi á að svara pósti nefndarinnar til baka án þess að eiga á hættu að allur póstlitinn fengi svarið þeirra.

Með póstlistanum náðum við betur til foreldra og forráðamanna og sáum við það meðal annars í skráningu og mætingu á alla viðburði nefndarinnar sem ávallt var mjög góð. Auk póstlista tókum við upp fyrirfram skráningu í flesta okkar viðburði og gátum með þeim hætti betur gert okkur grein fyrir stærð viðburða. Auk póstlistans notuðum við áfram vefsíðu og facebook síður félagsins.

Unglinga- og ungmennaferð

Við fórum í ferð með unglinga og ungmenni á aldrinum 13-17 ára (árg. '07-'02) þ. 9. nóv. og heimsóttum þrjá hestabúgarða á Suðurlandi. Alls fóru 33 í ferðina og komust færri með en vildu. Byrjuðum við daginn á að heimsækja Sumarliðabæ og fengum við að ganga um og skoða þessa glæsilegu aðstöðu sem þar er um leið og Ólafur sagði okkur frá starfseminni sem þar fer fram. Því næst lá leið okkar að Árbakka/Hestvit og sýndi Hulda okkur aðstöðuna, hestakostinn, sagði okkur frá starfseminni þar, auk þess sem hópurinn fékk frábæra sýnikennslu í þjálfun hesta.

Dagurinn endaði á heimsókn að Sunnuhvoli í Ölfusi. Anna Björg sagði okkur frá þeirra hestamennsku og frá uppbyggingunni að Sunnuhvoli. Við fengum að skoða aðstöðuna þeirra og sýndi Glódís Rún hópnum síðan hvernig hún þjálfar sína keppnishesta og hvaða markmið hún er með við sína þjálfun. Að lokum gæddi hópurinn sér að pizzum og komu allir virkilega sáttir heim og strax mátti heyra spenning fyrir næstu haustferð.



Árs- og uppskeruhátíð fyrir börn og unglinga

Í fyrsta sinn héldum við í Sörli árs- og uppskeruhátíð fyrir börn og unglinga á aldrinum 9-17 ára þ. 21. nóv. og mættu um 50 börn á hátíðina. Boðið var upp á 3ja rétta hátíðarmatseðil. Veitt voru verðlaun fyrir árangur í barna- og unglingaflokk 2019 og valinn knapi ársins í yngri flokkum 2019 auk þess sem veitt voru verðlaun áhugasamasta einstaklingi í yngri flokkum 2019. Jón Jónsson kom og skemmti viðstöddum og gaf sér góðan tíma í að leyfa krökkunum að taka myndir með sér í myndabásnum sem var á staðnum og síðan tók við diskótek fram eftir kvöldi. Hátíðin tókst glæsilegt til og er það von félagsins og stefna að hátíðin verði árviss viðburður í framtíðinni.



Aðventan í Sörla

Eins og fyrr segir komu í nefndina öflugir einstaklingar með ferskar hugmyndir sem vel var tekið í og fundin leið til að koma í framkvæmd. Einn af þeim viðburðum var „Aðventan í Sörla“ sem saman stóð af viðburðum hvern sunnudag aðventunnar. Byrjað var fyrsta í aðventu á að skreyta jólatréð og salinn á Sörlastöðum, fönðraðir voru músastigar og hengdir ýmist upp eða teknir með heim ásamt því sem krakkarnir fönðruðu jólaskraut á tréð og fleira jólatengt föndur. Næstu þrjá sunnudaga í aðventu var farið í Aðventurölt þar sem rölt var við í tveimur hesthúsum hvert sinn og tekið hús á atvinnuhestamönnum á svæðinu. Auk þess var haldin sölumarkaður undir nafninu Hestalloppan annan í aðventu, Piparkökumálun þriðja í aðventu og svo endaði viðburðarröðin fjórða í aðventu með Litlu-Jólum að loknu aðventurölti þar sem hver þátttakandi mætti með tvo pakka að andviði 500-1000kr með heildarverðmæti að hámarki 1500kr þar sem farið var í pakkaleik að dönskum sið. Fyrstu þrjá sunnudaga aðventunnar var boðið upp á kakó og smákökur en síðasta sunnudag aðventunnar var kakóinu og smákökunum skipt út fyrir heitt súkkulaði með rjóma og bakkelsi. Tókst „Aðventan í Sörla“ einkar vel til og mættu að jafnaði 15 krakkar í hver sinn og er það von okkar og stefna að viðburðarröðin muni þróast og verða að árlegum viðburði.



Stofnun Æskulýðsráðs

Þann 14. jan. blés nefndin til kynningarfundar á vetrardagskrá nefndarinnar og stofnun æskulýðsráðs Sörla sem nefndin hafði fengið samþykki stjórnar til að stofna. Þar var farið yfir starfslýsingu ráðsins og hugmyndin á bak við stofnun þess kynnt. Óskað var eftir umsóknum í ráðið en ráðið átti að skipa a.m.k. 5-7 börn, unglingar eða ungmenni á aldrinum 12-21 árs en leitast skyldi við að hafa aldurbilið eins dreift eins og kostur gæfist. Æskulýðsráði var ætlað að aðstoða æskulýðsnefnd, koma með hugmyndir að viðburðum, skipulagi þeirra og fjáröflun. Í upphafi starfsárs var haldinn einn fundur með tveimur æskulýðsnefndarfulltrúum en vegna COVID-19 þá náðist ekki að halda fleiri fundi eins og til stóð.

Reiðmennskuæfingar

Loksins hafðist að láta langþráðan draum rætast um að verða samkeppnishæf við aðrar íþróttagreinar og bjóða upp á reglubundnar reiðmennskuæfingar fyrir börn, unglinga og ungmenni á aldrinum 10-21 árs í samstarfi við reiðkennara á Sörlasvæðinu. Verkefnið var tilraunaverkefni með það fyrir augum að endurskoða það bæði á tímabilinu og fyrir haustönn 2020 með tilliti til fyrri reynslu. Markmið æfinganna var að efla liðsheild, æfa reiðmennsku, auka keppnisáhuga og hafa gaman saman. Vorönninni var skipt upp í tvær lotur og hófst fyrri lotan 2. feb. með fyrirlestri og kynningu á fyrirkomulagi æfinganna.

Í fyrri lotu var iðkendum skipt upp í flokka á sama hátt og í keppnisgreinum þ.e.a.s. 10-13 ára, 14-17 ára og 18-21 árs. Æft var annan hvern sunnudag og annan hvern fimmtudag og skiptu reiðkennararnir á milli sín vikunum. Upphaflega stóð til að bjóða upp á 18 pláss í fyrri lotu eða fimm 30 mínútna æfingar í senn, hver með þrjá iðkendur. En á sólahring fylltist í öll plássin og meira til þar sem alls skráðu sig 21 barn og unglingur og loka þurfti fyrir skráningu og skrá þá sem á eftir komu á biðlista. Tekin

var sú ákvörðun í samráði við reiðkennarana að bæta einum hóp við og urðu þannig plássinn í fyrri lotu 21 talsins.

Planið var að önnur lota myndi hefjast strax í beinu framhaldi þann 5. apríl og standa til 28. maí og sáum við fram á að geta fjölgað enn frekar plássunum á æfingarnar með forgang fyrir iðkendur úr fyrri lotu. Í seinni lotu gátu iðkendur valið um almenna reiðmennskuæfingar bæði úti og inni eða æfingar sem miðuðu að keppni. Skipta átti iðkendum upp í 2ja manna æfingahópa þar sem þrjár æfingar áttu að vera í gangi á sama tíma; ein í reiðhöllinni, ein í reiðgerðinu fyrir utan höllina og ein úti á keppnivelli. Þá stóð til að hver reiðkennari tæki að sér þjálfun ákveðna hópa. En rétt fyrir síðustu æfingu í fyrri lotu og undirbúningur að seinni lotu í fullum gangi kom heimsfaraldurinn og stöðvuðust æfingarnar hjá okkur af þeim sökum alveg til byrjun maí. Þá þurfti að sjálfsögðu að hugsa æfingaplanið upp á nýtt þar sem þjappa varð æfingutímumum sem þegar voru fullir með um 40 iðkendum. Úr varð að hver kennari kenndi fimm 2ja manna hópum í þremur lotum þar sem hver hópur mætti á tvær 30 mín. æfingar í hverri lotu, auk þess sem hver iðkandi fékk 4 einkaæfingatíma með sínum reiðkennara. Það var virkilega ánægjulegt að sjá hve vel var haldið utan um skipulagið og hversu tilbúnir allir voru að leggja allt sitt að mörkum til að láta æfingarnar ganga upp og í stað þriggja æfingasvæða nýttu sumir reiðkennarar sínar eigin aðstöðu til að þjálfra sína iðkendur og því gátu fleiri en þrjár æfingar verið í gangi á sama tíma.

Strax var lagt upp með að byrjað yrði aftur nú í september 2020 með reiðmennskuæfingarnar og auka enn frekar breidd hópsins með því að fara enn neðar í aldri. Með frumreynsluna í farteskinu er nú boðið upp á flokkaskiptingu líkt og í hefðbundnum íþróttum frá 6. fl. (árg. 2011-2012) og upp í 3. fl. (árg. 2004 og fyrr) og er gaman að segja frá því að æfingar hófust aftur núna 14. september og er æft tvisvar í viku; verklegar æfingar á mánudögum og bóklegar æfingar á fimmtudögum og stendur til að bjóða einnig upp á æfingar fyrir fullorðna síðar á haustdögum.

Félagsmiðstöð Sörlastaða

Í öllu hugmyndafluginu kom upp sú hugmynd að halda úti félagsmiðstöð á Sörlastöðum fyrir hressa Sörlakrakka annan hvern þriðjudag með það að markmiði að efla félagsandann og gefa krökkum félagsins tækifæri á að hitta aðra krakka í félaginu í leik og skemmtun. Æskulýðsnefnd í samstarfi við æskulýðsráð skipulagði dagskrá félagsmiðstöðvarinnar, auk þess sem ráðið starfrækti þar sjoppu. Leitað var í byrjun til félagsmanna um spil o.þ.h. og vorum við svo heppin hve vel félagsmenn tóku í þá ósk og voru allmörg spil í boði. Auk þess lánaði einn æskulýðsráðsfulltrúi félaginu biljarðborð og fótboltaspil úr sinni eigu. Halda átti nafnasamkeppni til að finna nafn á félagsmiðstöðina og varð það ákvörðun æskulýðsráðs að velja ætti hryssunafn, þar sem öll hestamannafélög heita í höfuðið á hestum en því miður hafðist það ekki fyrir COVID-19 lokun. Félagsmiðstöðin hóf göngu sína 28. feb. og var gaman að sjá hve vel var mætt hverju sinni og hve breiður aldurshópur skemmti sér saman í félagsmiðstöðinni sem starfrækt var allt þar til COVID-19 stöðvaði starf nefndarinnar í seinni hluta mars. Við munum án efa halda áfram að vinna með og þróa tilraunaverkefnið Félagsmiðstöð Sörlastaða.

Aukið öryggi í félagsreiðtúrum

Við hjá Sörla höfum látið okkur öryggismál lengi varða og varð gott skref í þeim málum þegar við fengum styrk frá Sjóva í formi endurskinsvesta sem merkt eru Sörla á vinstra brjósti, Sjóva á hægri brjósti og á bakinu stendur stórum stöfum „Tökum



tillit“. Nefndin vill marka þá stefnu innan félagsins að yngri þátttakendur verði ávallt í endurskinsvestum í reiðtúrum á vegum félagsins í framtíðinni og úthlutaði nefndin því vestum til þeirra sem ekki mættu í endurskinsvestum í reiðtúra nefndarinnar á síðasta starfsári.

Heiðmerkurhringur

Við í Sörla erum heppin með fjölda reiðleiða á svæðinu og er Heiðmerkurhringur ein af perlum þessa svæðis. Loksins þegar hægði á fyrstu COVID-19 bylgjunni og leyfilegt var að hefja eitthvert starf að nýju var ákveðið að ríða Heiðmerkurhringinn þ. 10. maí með góðri áningu í Gjárétt og voru knapar hvattir til að



skella hnakktöskunum á og hafa nesti meðferðis. Markhópurinn voru krakkar sem gátu riðið út sjálf og börn sem gátu kastað toppi í fylgd foreldra eða forráðamanna. Fararstjórar sáu um að stýra hraðanum eftir getu

hópsins. Börnum og unglingum var gert að vera í gulum endurskinsvestum sem nefndin úthlutaði. Alls voru um 30 Sörlafélagar sem komu skærbrosandi eftir góðan dag heim í hús.

Slúttreiðtúr og grill

Eftir langa vormánuði sást betur til sólar í júní og ákveðið var að ljúka vetrarstarfi æskulýðsnefndar með fjölskyldureiðtúr og grilli þ. 11 júní. Stórhöfðastígurinn er ein af okkar ósnertu reiðleiðum af náttúrunnar hendi og

ákveðin hestaferðalagaþingur sem fylgir að ríða þá leið. Nefndinni fannst tilvalið að bæta krökkunum upp að hafa ekki getað farið í fjölskylduhestaferðina og fá smá „offroadþing“ með því að ríða þá leið. Í öðru stoppi á leiðinni mátu fararstjórnir stöðuna og tekin var




ákvörðun um að skipta hópnum upp þar sem nóg var af fararstjórum fyrir hvern hóp. Úr varð að fremst fóru sannkallaðir indjánar á fákum fráum og slógu í kláranna, næst komu krakkar sem kusu að láta hesta sína

kasta toppi og því næst komu krakkar sem voru óvanari reiðleið sem þessari og fór sá hópur því rólega og settlega yfir. Allir komu hressir og kátir heim og var kveikt upp í grillinu og runnu grillaðar pylsur ljúft ofan í mannskapinn.

Fjölskyldu útilega helgina 17.-19. júlí

Oft þegar á móti blæs kveikna góðar hugmyndir. Eftir frekar furðulegan vetur, vetur illviðra og farsóttar, sem hvort um sig setti mark sitt á starf félagsins kviknaði hugmynd að nýjung. Nefndarfélögum kom það snjallræði í hug að standa fyrir fjölskyldu útilegu í nafni félagsins sem ætluð væri allri fjölskyldunni, hestlaus viðburður þar sem þeir fjölskyldumeðlimir sem ekki hefðu hestavírusinn gætu notið sín ásamt fjölskyldu sinni í félagsskap annara fjölskyldna sem allar áttu það sameiginlegt að a.m.k. einn fjölskyldumeðlimur væri með hestavírusinn af „misalvarlegu stigi“. Einnig sáum við þetta sem góðan grundvöll fyrir krakkana til að kynnast og efla vináttu við aðra krakka sem hugsanlega hefðu sama áhugamál.



Svo fór að sá hluti nefndarmanna sem heimangengt áttu stóðu að útilegunni. Leitað var að ákjósanlegum stað til að halda slíkan viðburð en í ljósi reynslu okkar af íslensku veðri síðasta árs var aðgengi að góðum sal sem hópurinn gæti snætt saman og krakkarnir leikið sér inni ef veður leyfði ekki útileiki sett sem skilyrði. Varð þykkvibær fyrir valinu, enda þar að finna hæfilega stórt tjaldstæði og íþróttahús með bæði fullbúnu eldhúsi til matargerðar og íþróttasal með öllum hugsanlegum útbúnaði fyrir leiki.

Að skella í nýjung og jafn viðamikinn viðburð og heila útileguhelgi fyrir fjölskyldur félagsmanna má líkja við að ríða yfir vað sem maður hefur ekki farið yfir

áður; augað nemur breidd þess en hversu djúpt það reynist veit maður ekki fyrir víst fyrir en yfir er komið. Við sem stóðum að viðburðinum vissum að viðburður sem þessi gæti hugsanlega verið líkt og lygn og straumlétt á eða karga sundreið í miklum straumpunga. En „vaðið“ reyndist hið ljúfasta og besta vað.

Við vorum afar sátt við útileguna enda tókst vel til og þátttakan góð miðað við frumraun þrátt fyrir að viðburðurinn væri ekki auglýstur í vetrardagskránni heldur um sumar eftir að almennu starfi lauk. Það voru tæplega 30 manns sem skemmtu sér saman í fjölskyldu útilegu Sörla 2020. Skellti hópurinn sér í hellaferð hjá Caves of Hella, farið var í allskonar leiki s.s. körfubolta, kubbs og í fótbolta með stórum blöðrubolta. Snæddur var sameiginlegur kvöldverður á laugardagskvöldinu þar sem boðið var upp á lambalæri og meðlæti frá Kjarnafæði og eftir matinn fengu foreldrar forkynningu á væntanlegu starfi nefndarinnar og fengum við uppástungur og ábendingar frá foreldrum meðan krakkaskarinn lék sér saman. Allir sem á viðburðinn mættu voru sammála um að vel hefði tekist til, verð verið hóflegt og aðstaðan frábær og ætla allir að mæta kátir aftur líkt og sveitungar okkar, bræðurnir Frikki Dór og Jón Jónsson í þjóðhátíðarlagi sínu „á sama tíma, á sama stað“ 2021.

Yfirþjálfari ráðin til starfa

Í vor réð stjórn félagsins Hinrik Þór Sigurðsson, reiðkennara sem yfirþjálfara hjá félaginu. Um er að ræða framhald af tilraunaverkefni sem hófst s.l. vetur en í því felst líkt og áður hefur komið fram að færa Sörli nær því að starfa á sama hátt og önnur íþróttafélög. Ástæðan er margvísleg. Stefna núverandi stjórnar er sú að starfa í samræmi við margra ára gamalt slagorð félagsins „ Sörli – Íþrótt – Lífstíll“ sem og að vera í takti við markmið félagsins að vera fagleg varðandi nýliðun og barna- unglinga- og ungmennastarf.



Fastir liðir svipaðir og venjulega

Talsvert er af viðburðum sem hafa fest sig í sessi hjá félaginu og er enginn ástæða til að gefa þá upp á bátinn þó upp komi góðar hugmyndir, það má lengi á sig blómum bæta. En eitthvað af okkar föstu liðum náðist ekki að halda á liðnu starfsári út af dálitlu og komum við betur að þeim síðar. En sem betur fer náðist að halda í hefðirnar að einhverju leiti ásamt því að fylgja eftir og halda áfram að þróa, breyta og bæta verkefni sem fengið höfðu áður brautargegni innan félagsins og voru enn að slíta barnaskónum.

Félagshús Sörla

Hið vinsæla félagshús Sörla var starfrækt annað árið í röð og nú hóf það göngu sína strax í september. Þar var alltaf líf og fjör. Þangað komu m.a. krakkar sem áttu ekki foreldra eða aðra aðstandendur í hestamennsku og stigu sín fyrstu skref. Sörli tók á leigu 21 hesta hús og voru að jafnaði ríflega 40 börn sem þar stunduðu hestamennsku í fjórum hópum, auk um 15 barna sem voru í pollahóp á sunnudögum. Þær Auður Ásbjörnsdóttir og Guðbjörg A. Guðbjörnsdóttir höfðu umsjón með félagshúsinu og stýrðu hópastarfinu þar. Það er mikið gleðiefni að sjá að krakkar, sem hafa verið í félagshúsinu, hafa sum hver eignast sína eigin hesta en komið aftur í félagshúsið og leigt pláss, til að geta verið áfram saman. Það var líka frábært að sjá að nokkrir unglingar sem byrjað höfðu í félagshúsinu hafa vaxið og orðið sjálfstæð í sinni hestamennsku í hverfinu okkar. Félagshúsið hefur notið mikilla vinsælda þessi tvö ár sem það hefur verið starfrækt og er nú félagshúsið að hefja sitt þriðja ár.

Knapamerkjanám

Okkur hjá Sörla þykir alltaf jafn ánægjulegt að sjá hve margir sækja knapamerkjanámið sem er í boði ár hvert og sjá áhuga félagsmanna að bæta reiðmennsku sína og þekkingu með aukinni menntun. Í ár voru kennd 3.-5. stig fyrir áramót og hófst námið strax í september með bóklegu námi og verklegt nám hófst í

nóvember. Eftir áramót var klárað að kenna 3.-5. stig í mars og hófst þá kennsla í 1. stigi sem átti að klárast í apríl en vegna COVID-19 varð að gera hlé á náminu sem síðan kláraðist í byrjun júní. Kennarar knapamerkjanna voru reiðkennararnir Ásta Kara Sveinsdóttir og Friðdóra B. Friðriksdóttir.

Barna- og unglinganámskeið

Í október hófst námskeið fyrir krakka á aldrinum 6-14 ára. Í boði voru 10 pláss sem skipt var í tvo hópa eftir aldri og getu og fylltist strax í öll plássin. Áhersla var á ásetu og reiðleiðir í bland við skemmtilega leiki. Kennt var einu sinni í viku í 50 mínútur í senn og lauk námskeiðinu um miðjan desember. Kennari var Ásta Kara Sveinsdóttir reiðkennari.

Keppisnámskeið

Í nóvember fór af stað reiðnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni á aldrinum 10-21 árs þar sem lögð var áhersla á undirbúning fyrir keppni, jafn fyrir byrjendur sem lengra komna keppendur. Alls voru 16 pláss í boði og var fullt á námskeiðið. Kennt var í 2ja manna hópum í 30 mínútur í senn, alls 5 sinnum auk sýnikennslu og æfingamóts. Því miður náðist ekki að hafa æfingamótið í beinu framhaldi af námskeiðinu, bæði vegna veðurs og COVID-19 en nefndinn lagði áherslu á að klára námskeiðið með æfingamótinu sem hafðist að klára það 21. maí. Hver „keppandi“ fékk sent matsblað frá dómara þar sem kom bæði fram einkunn „keppanda“ og skrifleg umsögn frá dómara.

Kennari var Helga Rósa Pálsdóttir, leiðbeinandi og þjálfari frá Hólaskóla og sýnikennsla var í höndum Friðdóru B. Friðriksdóttur, Sindra Sigurðssonar og dóttur þeirra Kolbrúnu Sifjar. Gaman var að sjá hvað Sörlakrakkar voru duglegir að keppa í nafni félagsins á síðasta starfsári og liðnu sumri og er félagið virkilega stolt af árangri þeirra í keppni jafnt innan sem utan félags.

Sameiginlegt jólaball

Við hjá Sörla settum okkur í samband við formenn allra æskulýðsnefnda hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að halda áfram með sameiginleg jólaböll félaga, þar sem hringurinn lokaðist í fyrra að hvert félag hélt ball fyrir hin félögin. Við lögðum til að upp yrði tekið svipað fyrirkomulag og er um stórsýninguna Æskan og hesturinn. Samkomulag okkar, Fáks, Harðar og Spretts var að Sprettarar myndi leggja til án endurgjalds salinn Arnafell fyrir jólaballið en æskulýðsnefndir félaga myndi sameinast um skipulag þess ár hvert og hvert félag greiði jafnan hlut í útlögðum kostnaði. Það fór því svo að formenn nefndanna skipulögðu ballið og nefndarmenn hjálpuðust að við undirbúning, ballið sjálft og frágang að loknu balli.

Var því haldið glæsilegt jólaball þ. 5. jan. þar sem systkini jólasveinanna, þau Leppur og Skjóða tóku á móti krökkunum, sögðu sögur, sungu og stýrðu dansinum í kringum jólatréð. Síðan kíktu til okkar þrír jólasveinar sem stigu dans með okkur í kringum jólatréð og gáfu öllum krökkunum nammipoka að loknum dansi. Einnig var boðið upp á drykki og smákökur handa viðstöddum. Mættu um 60-80 börn auk foreldra eða forráðamanna. Er það okkar álit að vel hafi tekist til og teljum við að viðburður sem þessi stuðli að meiri samvinnu æskulýðsnefndanna á höfuðborgarsvæðinu og er það okkar von að sameiginlegt jólaball haldi áfram að festa sig í sessi með þessum hætti.

Grímuleikar og Öskudagsball

Löng hefð er fyrir grímuballi hjá okkur og var þetta í þriðja sinn sem við höldum öskudagsball að loknum leikunum. Það varð algjör sprenging í skráningu þetta árið og varð að



skipta teymdum pollum upp í tvö holl og eins var með ríðandi polla. Í barnaflokk var að þessu sinni tvö undanúrslita holl og síðan riðin úrslit en í unglingaflokk var einungis riðin úrslit. Sama var um að ræða í flokki 18 ára og eldri. Pallarnir voru fullir af fólki og var



virðilega gaman að sjá öll þessi börn og unglinga keppa. Vegna fjölda skráninga seinkaði öskudagsballinu þar sem mótið tók um helmingi lengri tíma en vant hefur verið. Sleginn var „kötturinn“ úr tunnunni og var nóg af góðgæti handa glæsilega unga fólkinu okkar.

Sumarreiðskólar

Það er óhætt að segja að hverfið iðaði af ungdómi í sumar, en félagið var í samstarfi við Reiðskóla Íshesta og Reiðskólann Fákar og fjör eins og síðastliðið ár. Íshestar höfðu forgang í reiðhöllina og reiðgerðið fyrir utan höllina og buðu upp á vikulöng námskeið fyrir börn á aldrinum 6-15 ára. Reiðskólinn Fákar og fjör höfðu aðsetur í Hlíðarþúfum og höfðu forgang í reiðgerðin í Hlíðarþúfum. Þar var einnig í boði vikulöng ævintýranámskeið sem hentuðu vel krökkum sem hafa stundað hestamennsku. Að auki var einnig starfræktur á Sörlasvæðinu Reiðskóli Hestvals og fengu þau leyfi til að setja upp þrautabraut inni í æfingavellinum til að nýta í sitt starf. Eðli málsins samkvæmt var mikið líf og fjör á svæðinu og virðilega gaman að sjá hversu mörg börn nýttu sér námskeiðin hjá reiðskólunum sem voru öll líkt og fyrri ár mjög vel sótt.

Rauð viðvörun og COVID-19

Síðastliðinn vetur einkenndist eins og fyrr segir af tíðum viðvörunum, fyrst um sinn af völdum illviðra og var á tímabili líkt og viðvörunarkort Veðurstofu Íslands væri blikkandi ljósasería. Við tók svo vó sem enn herjar á heiminn og viðbúið að muni fylgja mannkyninu sem misstór skuggi um einhverja hríð. Það er því ekki ofsögum sagt að starf síðasta vetrar litaðist helst til mikið af þessu tvennu; illviðri og COVID-19.

Reglubundnir reiðtúrar fyrir vana krakka

Æskulýðsnefnd stefndi á að halda reiðtúra fyrir vana krakka, þar sem markhópurinn voru krakkar sem gátu riðið út sjálf og látið hesta sína kasta toppi. Stefnt var á að fara einu sinni í mánuði og áttu fararstjórar að meta



hverju sinn hversu hratt mátti fara með tilliti til getu hópsins. Byrja átti í janúar en þeim reiðtúr varð að fresta og síðar fella niður vegna illviðri í bæði skiptin. Febrúar reiðtúrin var farin og var vel mætt miðað við hve hratt lognið var á ferð eitthvert annað, en veðurspáin hafði lofað hæglætisveðri en reyndist ekki sannspá og varð mjög tvísýnt hvort að einnig þyrfti að fresta þeim reiðtúr sökum veðurs. Þegar komið var að mars reiðtúrnum varð að hætta við út af heimsfaraldri sem tröllreið öllu og sama varð með apríl reiðtúrinn.

DVD og pizzakvöld með Robba Pet

Nefndin hafði sett sér markmið að brydda upp á nýjum viðburðum sem myndu höfða meira til unglinga og ungmenna en áður. Stóð til að hafa DVD og pizzakvöld með Róberti Pedersen frumtamningamógúl þar sem horft yrði á Ameríska frumtamningakeppni og frumtamningar ræddar við unga fólkið. En því miður var viðburðurinn skipulagður þann 14. febrúar sem var versti veðurdagur þess mánaðar og það sem meira var, einn mesti illviðrisdagur síðustu ára og því féll viðburðurinn niður.

Bingó

Hið rótgróna bingó varð ekki haldið þar sem upphaflega varð að fresta því þar sem fyrir lá messufall nefndarmann og síðar varð að fella það niður vegna samkomutakmarkanna af völdum áðurnefnds heimsfaraldrar. Var því vinningum ýmist skilað eða geymdir í samráði við gefendur vinninganna. Stefnt er þó á að halda Bingóið árið 2020 á komandi starfsári.

Pollanámskeið

Ætlunin var að fara af stað með pollanámskeið í lok mars en hætt við þegar ljóst varð að hertar samkomutakmarkanir væru að lýta dagsins ljós.

Leikjadagur

Leikjadagurinn hafði fest sig í sessi og mæting ávallt frábær þar sem krakkar hoppuðu úr sér orkunni og fengu síðan páskaegg nr. þrjú með sér heim. En þar sem Víðir, Alma og Þórólfur mæltust til að við ferðuðumst innanhús þessa páskana þá urðum við að fella niður leikjadaginn af völdum COVID-19.

Æskan og hesturinn

Lengi vel héldu félögin sem að sýningunni standa í þá veiku von að búið yrði að ná betri tökum á COVID-19 og tilslakanir á samkomubanni yrðu til þess fallnar að hægt yrði að halda sýninguna en því miður urðum við að lúta þar í lægra haldi.

1. maí sýning

Sama var upp á teningnum með hina árlegu 1. maí sýningu Sörla þar sem íslenska hestinum hefur verið gert hátt undir höfði með ýmsu atriðum auk þeirrar venju að endursýna atriði Sörla frá Æskan og hesturinn og bjóða svo upp á rjúkandi heitar vöflur með rjóma í tilefni dagsins en enginn varð sýningin né vöflurnar að þessu sinni.

Fjölskylduhestaferð á Skógarhóla

Enn ein spennandi nýjung átti að lýta dagsins ljós um Hvítasunnuhelgina og var haldin kynningarfundur á Fjölskylduhestaferð á Skógarhólar. Gista átti frá föstudegi fram á sunnudag þar sem haldnar yrðu tvær kvöldvökur, hópreið í gengum þjóðgarðinn og upp Kónsveg að Gilsbakka og nýja stíginn aftur til baka, þar sem þjóðgarðurinn blasir í öllu sínu veldi vel á laugardeginum og á sunnudegi átti að ríða yfir Meyjarsæti og upp fyrir Sandkluftarvatn þar sem til stóð að ferja bíla og kerrur fyrir reiðtúrinn. Til stóð að fá börn, unglunga og ungmenni sem ætluðu að koma í ferðina að undirbúningunum með því að skipa þeim upp í 2 hópa þar sem hvor hópur átti að sjá um sitthvora kvöldvökuna og ákveða hvað yrði haft í kvöldmat o.s.frv. En þegar til stóð að opna fyrir skráningu í ferðina var COVID-19 mætt á svæðið með öllum sínum takmörkunum og var því lítið annað að gera en fresta fyrirhugaðri ferð um eitt ár. Við stefnum ótrauð á að fara þessa ferð næsta vor og erum þegar búin að taka Skógarhóla frá fyrir hópinn.

Þakkir

Í lok júlí fór nefndin í stutt frí full auðmýktar eftir viðtökur viðburða síðasta árs og full bjartsýni og tilhlökkunar fyrir komandi vetri, sem þegar er hafinn hjá okkur af krafti. Það verður seint fullþakkað öllum þeim félagsmönnum sem koma með einum eða öðrum hætti að starfinu með okkur. Erfitt væri að telja alla þá upp sem leggja okkur lið en þó eru vissir félagsmenn sem þakka ber sérstaklega. Stjórn félagsins stendur þétt við bakið á okkur og í þeirra röðum er okkar helsta hvatamanneskja Kristín Þorgeirsdóttir, hugmyndasmiður reiðmennskuæfinganna en hún er dyggur stuðningmaður æskulýðsmála. Einnig ber að nefna stoð okkar og styttu sjálfa Diddu framkvæmdastjóra félagsins, þvílíkt sem hún hefur nennt okkur. Við færum Auði og Guðbjörgu ásamt öllum þeim sem að félagshúsinu komu fyrir þeirra óeigingjarna framlag. Friðdóru B. Friðriksdóttur, Sindra Sigurðssyni og Kolbrúnu Sif Sindradóttur færum við þakkir fyrir sýnikennslu á keppnisnámskeiði. Sigurði E. Ævarssyni þökkum við fyrir dómgæslustörf á Grímuleikum og keppnisæfingamóti. Einnig þökkum við öllum atvinnumönnum sem tóku á móti okkur í aðventuröltinu fyrir móttökurnar. Við erum líka afar þakklát foreldrum og forráðamönnum fyrir að styðja börnin sín í þátttöku viðburða. Nokkur fyrirtæki studdu starfið okkar síðasta ár og ber að þakka fyrir veittan stuðning Hraunhamri, Sjóvá, Kjarnafæði, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæ. Án þeirra stuðnings væri starfið ekki jafn öflugt sem nú.

Við erum ekki síður þakklát þeim sem sýna því skilning að æska félagsins þurfi oft að nýta okkar mjög svo umsetnu reiðhöll. En þar virðist nú horft til betri tíðar í þeim málum og er það einlæg von okkar að Hafnarfjarðarbær standi við gefin loforð og að fyrsta skóflustungan verði tekin fyrir nýja reiðhöll á vordögum. Ný reiðhöll mun efla okkar öfluga starf enn frekar og stuðla um leið að frekari nýliðun í íþróttinni.